

**Sþ.**

## **907. Tillaga til þingsályktunar**

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir landssmiðjuna.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, að upphæð kr. 1500000.00, fyrir landssmiðjuna.

### **G re i n a g e r ð.**

Fjármálaráðherra hefur sent fjárveitinganefnd ofanritaða þáttill. og óskað þess, að nefndin flytti hana. Fylgdi till. svo hljóðandi greinargerð:

Sem greinargerð fyrir þessari þingsályktunartillögu visast til bréfs stjórnar lands-smiðjunnar, dags. 11. þ. m., sem er svo hljóðandi:

Á undanförnum árum hefur landssmiðjan byggt upp öll þau húsakynni, sem hún notar nú, aflað véla og lagt í annan stofnkostnað, sem nú nemur samtals um 2.9 milljónum króna. Enn fremur liggar hún með birgðir af ýmsu efni, sem nemur um 600 þúsund krónum. Í lögum frá 1936 var ákveðið, að ríkissjóður legði smiðjunni til nægilega lóð til bygginga. Það hefur ekki verið gert, en smiðjan hefur keypt og greitt af rekstrarfé sínu þær lóðir, sem hún notar nú, og varið til þess rúmum 200 þúsundum króna.

Ríkissjóður hefur ekki lagt smiðjunni til neitt rekstrarfé, og hefur smiðjan því orðið að leita til bankanna um nauðsynlegt fé til rekstrar- og stofnkostnaðar.

Framleiðsla smiðjunnar nam síðastiðið ár um 3.2 milljónum króna, og reksturinn er þess eðlis, að allháar upphæðir eru jafnan ógreiddar hjá viðskiptamönnum.

Á síðastiðnu ári tók smiðjan að sér að smiða fyrir ríkisstjórnina 12 vélskip, 55 tonn að stærð hvert, fyrir samtals rúmar 5 milljónir króna. Réðst smiðjan þá í að byggja skipasmiðastöð við Elliðaárvog, sem kostaði um 800 þúsundir króna.

Samkvæmt reikningum smiðjunnar fyrir árið 1944 voru hreinar eignir hennar tæpar 700 þúsundir króna. Reikningar fyrir 1945 eru enn ekki gerðir upp, en eignirnar hafa væntanlega litið aukið á árinu. Landssmiðjan hefur fengið lán í Landsbankanum, að upphæð 1 milljón kr. til 20 ára, en að öðru leyti hefur hún orðið að leita til bankanna um rekstrarlán með venjulegum lánskjörum, sem hefur orðið smiðjunnar dýrt, og er talið nauðsynlegt að tryggja meira stofnfé með betri kjörum en smiðjan á nú kost á.

Smiðjan hefur nú með höndum allar viðgerðir á skipum ríkisins, svo og mest viðskipti við ríkisstofnanir.

Þar sem smiðjan hefur orðið á undanförnum árum að reisa mikil hús og útvega nauðsynlegar vélar af eigin rammlleik, og hefur orðið að leggja fram stórfé í þessu skyni, er óhjákvæmilegt að hún fái aukið rekstrarfé. Stjórn verksmiðjunnar telur nauðsynlegt, að hún fái aukið lánsfé, 1.5 milljón króna, með hagkvæmum kjörum, sem fást aðeins með ábyrgð ríkissjóðs og tryggingu í fasteignum og vélum smiðjunnar, sem nema nú að verðmæti samkvæmt efnahagsreikningi nokkuð yfir 3 milljónir króna.